

L Ö G

94

28. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1947 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestargjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1947.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

95

28. des.

um, að ákvæði samnings frá 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Meðan samningur sá, er undirritaður var fyrir Íslands hönd hinn 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku um niðurfelling hvervendarsamningsins frá 1941 o. fl., er í gildi, skulu ákvæði hans, er varða aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, tekjuskatt, afnotarétt fasteigna og önnur atriði, sem sérstaklega er rætt um í samningnum og varða íslenska löggjöf, hafa lagagildi hér á landi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara atriða má setja í reglugerð.

2. gr.

Nú eru vörur þær, sem verða tollfrjálsar eftir 1. gr. laga þessara, sbr. 9. lið samnings þess, sem um ræðir í 1. gr., seldar, látnar í skiptum eða gefnar án þess

28. des. 95 að þær hafi áður sætt venjulegri tollafgreiðslu, og skulu þá þeir, sem slíkt gera, sæta refsingum þeim, sem ákveðnar eru í 36. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Sömu refsingu skulu þeir og sæta, sem kaupa, taka í skiptum, þiggja eða taka að sér að selja slíkar vörur og þeir vita eða mega vita eftir öllum atvikum að dæma, að eru ótollafgreiddar. Þá er og heimilt að gera upptækar handa ríkissjóði vörur, sem hafa gengið þannig manna á milli án undanfarandi tollafgreiðslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

96

9. des.

L Ö G

um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Gagnvart útlendingum, sem landsvistar- og atvinnuleyfi hafa um tiltekinn tíma, eða þeim mönnum, er ástæða er til að ætla, að dvelji hér aðeins um stundarsakir eða eru á förum af landi burt, en hafa hér atvinnutekjur, skal haga innheimtu tekjuskatts til ríkis og útsvars til bæjar- eða sveitarfélaga, svo og stríðsgróðaskatts, með þeim hætti, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Hafi útlendingur dvalið hér eða haft hér atvinnutekjur, aðrar en þær, er í 2. málsg. getur, einn mánuð eða lengur, eða ef hreinar tekjur hans hér á landi eru kr. 10000.00 eða þar yfir, enda þótt dvalartími hans hér sé skemmri en einn mánuður, skapar það honum skatt- og útsvarsskyldu, og ber kaupgreiðandi hans fulla ábyrgð á greiðslu þessara gjalda, svo sem um hans eiginn skatt eða útsvar væri að ræða. Nú eru kaupgreiðendur aðila fleiri en einn á hinu sama ári, og bera þeir þá hlutfallslega ábyrgð, miðað við þá upphæð, sem þeir hafa greitt honum í kaup.

Útlendir listamenn, sem afla sér hér tekna með list sinni, hvort heldur þeir starfa í eigin nafni eða á annarra vegum, skulu greiða skatt og útsvar af $\frac{2}{3}$ hlutum þeirra tekna, er þeir afla sér á þann hátt, að frádregnum beinum kostnaði við starfsemina.

Nánari reglur um þetta má setja í reglugerð.

3. gr.

Til tryggingar ábyrgð þeirri, er í 2. gr. getur, skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupí útsvars- eða skattgreiðanda allt að 20% af launum. Ef kaup aðila er herra en sem svarar til 1000.00 kr. grunnkaups á mánuði, skal kaupgreiðanda þó heimilt að halda eftir allt að 35% af kaupinu.